Sjávarútvegsráðuneytið

Jóhann Guðmundsson

11. ágúst 2014

Efni: Færaveiðar smábáta á makríl
Vigtun afla

Á fundi stjórnar Landssambands smábátaeigenda 16. og 17. júlí sl. komu til umræðu ábendingar um ranga vigtun á makríl. Misræmið skýrist á þann hátt að endanleg vigtun skilar hverjum vegnum 100 kg sem 97 kg af makríl og 3 kg af ís.

Bæði stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LS hafa rætt við kaupendur og sjómenn á makrílbátum um hvort hér sé um rétta niðurstöðu að ræða. Skemmst er frá því að segja að viðmælendum bar öllum saman um að ísprósentan væri mun hærri, enda slíkt forsenda þess að gæði héldust framúrskarandi.

Varla þarf að taka fram að við löndun þá er mokað ís í og yfir makrílinn til að viðhalda kælingu fram að vinnslu og þar liggur að mestu leyti stór hluti ísprósentunnar sem um ræðir.

Í nefndum samtölum var oftast rætt um 15% - 19% sem forsendu viðskipta með hágæða makríl.

Förum hér með fram á að ráðuneytið geri breytingar á reglugerð um vigtun þannig að endanleg vigt miðist við að 15% - 19% brúttóþyngdar sé ís. Vegin 100 kg mæli því 81 - 85 kg af makríl.

Teljum rétt að fela Fiskistofu að gera prufur og úrtaksvigtun máli þessu til stuðnings.

Rétt er að taka fram að á meðan takmarkanir eru á makrílveiðum smábáta er afar brýnt að framangreind beiðni verði afgreidd hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri